

Erindi til Skipulags- og umhverfisnefndar.

Dags: 2. júní 2025

Ég vil vekja athygli Skipulags- og umhverfisnefndar sem og sveitarstjórnar á alvarlegu vandamáli í Miðholti, vissulega ber á því víðar í bænum en það er efni í annað bréf. Um er að ræða mikinn hraðakstur ökutækja um svæðið, sem er sérstaklega varhugavert í ljósi þess að þar er fjölfarin gönguleið og mörg börn á ferð, oft á hjólum og hlaupahjólum og koma þau oft á miklum hraða frá ærslabelgnum og niður yfir götuna í miðholtinu.

Það þarf ekki mikið til að illa gæti farið ef ökutæki og barn mætast við slíkar aðstæður. Ég tel brýnt að gripið verði til tafarlausra aðgerða áður en alvarlegt slys á sér stað. Það er sífellt að aukast umferðin um þessa götu og umferð þungra ökutækja hefur aukist töluvert.

Ég legg til að komið verði fyrir hraðatakmörkunum í formi hraðahindrana eða annarra skjótvirkra úrbóta sem hægt er að framkvæma með lítilli fyrirhöfn.

Ég vona að erindið verði tekið alvarlega og brugðist við hið fyrsta.

Virðingarfyllst,

Hulda Kristín Baldursdóttir.